

**Nd. 476. Frumvarp til laga [244. mál]**

um breyting á lögum nr. 2 1. febrúar 1980 um breyting á lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum sbr. lög nr. 7/1982 og breyting á lögum nr. 84 21. desember 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Eftir 1. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1980, sbr. 2. gr. laga nr. 5/1976, komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal útflutningsgjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum vera 2.5% af f.o.b.-verðmæti.

2. gr.

1. grein laga nr. 84/1981, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1976, orðist svo:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að áður en gjald er lagt á saltsíld og söltuð matarhrogn samkvæmt 2. gr., skuli draga frá f.o.b.-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. A sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að gjald samkvæmt 2. gr. skuli ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum, sem verkuð eru á svipaðan hátt.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau, ásamt öðrum gildandi breytingum, inn í lög nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og gefa lög in þannig breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Með samþykkt laga nr. 58/1981, um lagmetisiðnað og þróunarsjóð lagmetis var lögfest að innheimta svonefnt fullvinnslugjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda. Fullvinnslugjald þetta var ákveðið 3% af f.o.b.-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna sbr. c-lið 11. gr. nefndra laga.

Þetta ákvæði hefur orðið til þess að nú er innheimt samtals 8.5% af f.o.b.-verðmæti saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna (þ. e. 5.5% útflutningsgjald og 3.0% fullvinnslugjald).

Breytingartillagan miðar að því að koma á samræmi á ný enda engin forsenda fyrir því að ofangreindar afurðir beri hærri gjöld en aðrar útfluttar sjávarafurðir.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir heimild fyrir sjávarútvegsráðherra að ákveða, að áður en gjald er lagt á söltuð matarhrogn, skv. 2. gr., skuli draga frá f.o.b.-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Þetta ákvæði er hliðstætt því, sem nú gildir um saltsíld og miðar að því að innheimta ekki gjald af innfluttum tunnum, sem síðan eru fluttar út aftur, sem umbúðir utan um þessar afurðir.